

Miðvikudaginn 16. júlí 1980.

Nr. 1/1980.

**Alþýðusamband Íslands
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Sjómannafélags Reykjavíkur**

(Ásgeir Thoroddsen hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands
vegna Eimskipafélags Íslands h.f.,
Jökla h.f., Hafskips h.f. og
Nesskips h.f.,**

(Gunnar Guðmundsson cand.jur.)

**Vinumálasambandi samvinnufélaganna,
vegna Sambands ísl. samvinnufélaga,
skipadeildar**

(Sigmundur Hannesson cand.jur.)

**og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs
vegna Skipaútgerðar ríkisins og
Landhelgisgæslu Íslands**

(Gunnar Guðmundsson cand.jur.)

Kjarasamningar. Yfirvinnukaup.

Dómur.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 1. þ.m., var höfðað með stefnu útgefni 21. mars 1980.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur.

Stefndu eru Vinnuveitendasamband Íslands vegna Eimskipafélags Íslands h.f., Jökla h.f., Hafskips h.f. og Nesskips h.f., Vinnumálasamband samvinnufélaga vegna Sambands íslenskra samvinnufélaga, skipadeildar og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins og Landhelgisgæslu Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru nú: „að matar- og kaffitími við upphaf yfirvinnu, í lok yfirvinnu eða á yfirvinnutímabili verði talinn til yfirvinnutímabils í skilningi greinar 5.5. í tilvitnuðum kjarasamningi og skipverji hafi því unnið sér rétt til yfirvinnukaups áfram þegar hann hefur unnið í 6 klst. að meðtöldum matar- og/eða kaffitíma, teljist

skipverji eiga rétt til yfirvinnukaups, þar til hann fái minnst 6 klst. samfellda hvíld og að til yfirvinnutímabils teljist öll vinna utan dagvaktar eða sjóvaktar, einnig sú, sem unnin er á daginn um helgar eða á helgum dögum.

Gerð er krafa um málskostnað úr hendi stefnda.“

Stefndi Vinnuveitendasamband Íslands vegna Eimskipafélags Íslands h.f., Jökla h.f., Hafskips h.f. og Nesskips h.f., krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins og Landhelgisgæslu Íslands krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Stefndi Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna Sambands íslenskra samvinnufélaga, skipadeildar, krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo af hálfu stefnanda, að mál þetta sé risið af ágreiningi milli stefnanda og stefndu um skilning á ákvæði gr. 5.5. í kjarasamningi sem aðilar hafi gert og undirritaður var 31. júlí 1977 og gilti til 31. desember 1979 um kjör háseta, starfsmanna í vélarrúmi og vikafólks, sbr. úrskurð kjaradóms skv. lögum nr. 70/1979. Kjarasamningi þessum hafi nú verið sagt upp, en unnið verði eftir ákvæðum hans þar til nýr kjarasamningur hafi verið gerður.

Gr. 5.5 í kjarasamningi aðila er svohljóðandi:

„5.5 *Hvildarákvæði.*

- a. Nú hefur maður unnið 6 klst. samfelld eða meira í yfirvinnu utan sjóvaktar eða dagvaktar og skal hann þá fá minnst 6 klst. samfellda hvíld eða greiðist áfram yfirvinnukaup þó komið sé fram á dagvinnutímabil eða vakt hlutaðeigandi aðila.
- b. Hafi dagmaður unnið 6 klst. samfelld eða meira í yfirvinnu eftir dagvinnutíma skal veita honum minnst 6 klst. samfellda hvíld, eða greiðist yfirvinnukaup, þó komið sé fram á dagvinnutímabil hlutaðeigandi aðila.
Hafi dagmaður unnið 16 klst. samfelld, fyrir og eftir dagvinnutíma, að honum meðtöldum, skal veita honum 8 klst. samfellda hvíld, eða greiðist áfram yfirvinnukaup, sbr. 1. mgr. þessa liðar.
- c. Vinna telst í framangreindum tilvikum samfelld, þó að skipverji

hafi fengið matar- og kaffihlé og allt að einnar klst. hvíld á ofangreindum tímabilum.

- d. Á tveggja vakta skipum, þar sem hefðbundnar vaktir eru staðnar, þ.e.a.s. 00.00—06.00/12.30—18.30 og 06.00—12.30/18.30 og 06.00—12.00/18.30—24.00 og teljast hásetar vinna sér rétt til hvíldarákvæðis eða eiga 6 tíma hvíld á hvorri heilli frívakt, enda eru vaktir þeirra og frívaktir hvors um sig 12 klst. á sama sólarhring, þótt vaktafyrirkomulag sé eins og að ofan greinir vegna matmálstíma og gamalla hefða.

Aðilar eru sammála um að tilgangur greinar 5.5. sé að koma í veg fyrir óhóflegt vinnuálag.“

Hinn 21. september 1979 ritaði lögmaður sóknaraðila stefnda Vinnuveitendasambandi Íslands svohljóðandi bréf:

„Óskað er afstöðu VSÍ til eftirtalinnna dæma. Háseti A vinnur í höfn á laugardegi eða sunnudegi, helgi eða tyllidegi, utan sjóvakta eða dagvakta frá kl. 11.00 til 17.00 eða í 6 klst. samfelldum meðtöldum matartíma (1 klst.) kaffitíma (15 mín.) (kl. 15 til 15.15). Síðan fer háseti A á vakt þegar skipið hefur látið úr höfn kl. 20.00 sama kvöld og er á sinni vakt til kl. 24.00. Háseti A á að vera á yfirvinnukaupi alla þessa vakt. Háseti B vinnur með sama hætti og háseti A frá kl. 13.00—19.00. Hann fer á sína vakt kl. 00.00—04.00. Hann á að vera á yfirvinnukaupi alla þá vakt. Háseti C er dagmaður (þ.e. hefur þann fasta vinnutíma og stendur ekki sjóvaktir) og hefur unnið frá kl. 08.00—17.00 í dagvinnu. Hann er látinn vinna áfram til kl. 08.00 næsta morgun á næturvarðstöðu (sbr. gr. 4.1.) frá kl. 21.30 til kl. 08.00. Hann á að fá yfirvinnukaup sbr. gr. 5.5 frá kl. 23.00 til kl. 08.00. Í dæminu er gert ráð fyrir að um virka daga sé að ræða. Háseti C er á sjóvakt frá kl. 8.30 til kl. 12.30. Í lok vaktar er honum tilkynnt að hann eigi að mæta í yfirvinnu kl. 13.00. Hann er í yfirvinnu til kl. 18.00. Hann á að mæta á sína vakt aftur kl. 20.00. Í þessu dæmi á hásetinn að fá yfirvinnukaup á þeirri vakt þ.e. yfirvinnutímabil að meðtöldum matartíma við upphaf og endir yfirvinnutímabils (30 mín. í hvort skipti) er 6 klst.

Í öllum þessum dæmum skal yfirvinnugreiðsla haldast þar til 6 klst. samfelldri hvíld er náð.“

Þessu bréfi svaraði stefndi Vinnuveitendasamband Íslands með svohljóðandi bréfi dags. 17. október 1979. Þar segir m.a.:

„Aðilar eru sammála um að tilgangur greinar 5.5. sé að koma í veg fyrir óhóflegt vinnuálag.

Grein 4.1 um næturvarðstöðu hljóðar svo:

- a. Að dagvinnutíma loknum, þegar varðmaður er settur á vörð, skal hann vera úr landi, þar sem því má við koma. Á þeim höfnum, sem ekki er unnt að fá varðmenn frá landi, skal einn háseti settur á næturvörð. Varðstöðu og næturvörslu skal skipt á milli hásetanna í rétttri röð. Varðmenn skulu hafa aðgang að eldhúsi til þess að hita te eða kaffi á varðtímanum, einnig skal þeim séð fyrir næturmat. Ef skipsmaður er varðmaður, skal honum veitt frí frá vinnu kl. 12:00 á hádegi fyrir vökunótt hans. Vinni hann eftir þann tíma, reiknast það sem eftirvinna. Næturvarðstaða háseta má lengst vera 10½ klst. og hefst að jafnaði kl. 1:30 og endar kl. 07:30 eða 08:00, eftir því hvenær hásetar koma til vinnu. Næturvarðstaða, sem fer fram úr 8 tímum, greiðist með yfirvinnukaupi. Ef skipið siglir úr höfn og háseti, sem staðið hefur næturvörð, er kallaður til vinnu án þess að hann hafi haft 8 tíma hvíld, greiðist honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma, sem á vantar.
- b. Yfirvinna greiðist fyrir aðfaranótt laugardaga, sunnudaga og annarra hátíðis- og tyllidaga.

Hér á eftir mun gerð grein fyrir afstöðu VSÍ til áður nefndra dæma í bréfi frá 21.9. sl.

1. Háseti A.

Á laugar- og sunnudegi í höfn vinna hásetar einir skipverja einungis gegn greiðslu yfirvinnu og skila engri vinnu þessa daga án slíkrar greiðslu. Þar af leiðandi á hvíldarákvæðagreinin ekki við í þessu tilfalli og yfirvinna greiðist ekki fyrir tímabilið 20:00—24:00, heldur er það vinna upp í fasta mánaðarkaupið. Sunnu- og helgidagar gefa frídaggreiðslu eins og þessi tími sé unnin alla daga þó samningur háseta gefi þeim frí í höfnum og sumum á sjó á þessum dögum eða yfirvinnugreiðslu séu þeir kallaðir til vinnu.

Laugardagurinn er greiddur þannig að vinnutímastyttingin 48—40 klst. á viku er greidd með 20.5%, sem að hluta greiðist með mánaðarkaupi og að hluta með frídögum. Þrátt fyrir þetta þurfa hásetar ekki að skila vinnu í höfn, þegar sjóvöktum er slitið, nema gegn yfirvinnugreiðslu. Það er að bera í bakkafullan

lækinn að reyna að túlka ákvæðin á þann veg að maður sé kominn á hvíldarákvæði eftir að hafa skilað 6 klst. samtals á deginum ef lítið er til annarra ákvæða 5.5 og landsamninga, sem hliðsjón hefur verið höfð af.

Það kemur ekki ljóst fram hvort matartíminn kl. 12:00—13:00 hefur verið veittur eða hvort jafnframt sé verið að reyna að rangtúlka c. lið 5.5, en hann er til þess að tryggja það að tímatalning slitni ekki þó veitt séu tilgreind hlé. Ákvæði um allt að einnar klst. hvíld í c. lið 5.5 kom inn 1970 af gefnu tilefni frá Skipa-útgerð ríkisins, þar sem yfirvinna hafði verið rofin með því að senda menn inn í stuttan tíma, allt niður í 15 mínútur til þess að koma í veg fyrir að menn komist á hvíldarákvæði.

2. Háseti B.

Sama gildir og hjá háseta A, og engin yfirvinna greiðist.

3. Háseti C.

Um næturvarðstöðu gilda sérákvæði sbr. grein 4.1 hér að framan, en þar kemur fram að vinni háseti frá 13:00—17:00 daginn sem næturvakt hefst skal það greitt með yfirvinnu en hér er um að ræða aðeins 4 klst. vinnu. Síðan kemur háseti út aftur kl. 21:30 og fær þá greidda yfirvinnu samanber að ofan fyrir tímabilið frá kl. 21:30—24:00 og ennfremur stendur hann næturvakt næsta dag frá 00:00 og fyrir það tímabilið greiðast 12 klst. eða 1.5 dagar en auk þess hefur útgerðin sem fyrr segir samþykkt aðeins 4 klst. vinnutíma daginn sem næturvakt hefst og ætti það að teljast allgöð umbun í þessu sambandi, því ella greiðist yfirvinnukaup eins og áður segir. Ef háseti yrði kallaður út til vinnu á tímabilinu 08:00—17:00 daginn eftir næturvinnuna, þá fengi hann aftur yfirvinnu.

4. Háseti D.

Viðkomandi er fyrst kallaður út á frivakt kl. 13:00 og vinnur til kl. 18:00. Samtals vinnur hann því í 5 klst. í yfirvinnu utan vaktar að meðtöldum kaffitíma kl. 15:00—15.15. Hann hefur ekki náð 6 klst. vinnu utan vaktar og því eiga ákvæðin um greiðslu yfirvinnu á tímabilinu 20:00—24:00 ekki við.

Af framansögðu er því ljóst að Vinnuveitendasamband Íslands hafnar þeim skilningi sem fram kemur í bréfi yðar frá 21.9. sl. að greiða eigi yfirvinnu í einhverju af þeim fjórum tilvikum sem tilgreind eru hér að framan. Því miður hefur verið tilhneiging af hálfu

háseta að misskilja, að tilgangur greinar 5.5 er að koma í veg fyrir óhóflegt vinnuálag, en á ekki að vera fépúfa í höndum misnotkunarmanna.“

Krafa stefnanda er byggð á því, að á kaupskipum fullnægi hásetar og starfsmenn í vélarrúmi vinnuskyldu sinni á dagvinnukaupi ýmist með dagvinnu á tímabilinu kl. 08.00—17.00 eða með því að standa sjóvaktir er skipið er á siglingu. Yfirvinna sé sú vinna, sem unnin er utan þess dagvinnutíma og utan sjóvakta og reyni þá á hvíldarákvæðin í gr. 5.5 í kjarasamningi aðila. Einnig sé sú vinna yfirvinna, sem unnin er að deginum til um helgar og á tyllidögum. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að matar- og kaffitíma í upphafi yfirvinnutímabils, við lok þess eða á yfirvinnutímabili skuli telja með yfirvinnu skv. ákvæði 5.5 í kjarasamningi aðila. Þá er því haldið fram, að skipverja verði ekki reiknuð vinna á dagvinnukaupi fyrr en hann hefur fengið sex klukkustunda samfellda hvíld að loknu yfirvinnutímabili. Einnig er því haldið fram, að öll vinna á laugardögum og sunnudögum utan sjóvakta og öll vinna á helgidögum skuli teljast yfirvinna. Er því haldið fram, að orðalag ákvæða gr. 5.5 í kjarasamningi aðilanna staðfesti ótvírætt þennan skilning stefnanda á ákvæðunum. Beri þá einnig að líta til þess, að tilgangur ákvæða gr. 5.5 sé að koma í veg fyrir óhóflegt vinnuálag, svo sem tekið sé fram í sjálfri greininni. Yfirvinna á skipum geti verið nauðsynleg og geti oft verið mikil. Ráði yfirmenn því einhliða hvort og hversu mikil yfirvinna sé unnin. Án ákvæðis um hvíldartíma mætti í vissum tilvikum halda skipverja við vinnu meira og minna allan sólarhringinn, þótt samkvæmt túlkun stefndu verði aðeins greitt yfirvinnukaup á virkum yfirvinnutíma. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnanda, að þótt hvíldarákvæði hafi verið efnislega óbreytt í um 15 ár og þótt fyrst nú hafi verið höfðað mál til að fá skorið úr ágreiningu aðila sem staðið hafi um árábil þá verði með engu móti hægt að líta svo á að stefnandi hafi glatað rétti til að fá kröfur sínar viðurkenndar með dómi.

Sýknukrafa stefndu Vinnuveitendasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er studd þeim rökum, að ákvæði um hvíldartíma í kjarasamningi þeim sem nú gildi í samskiptum aðila hafi orðið til eftir að ágreiningur varð um hvíldartímaákvæði í fyrri samningi aðilanna. Hafi hin nýju ákvæði átt að koma í veg fyrir

frekari ágreining. Við skýringu á hvíldartímaákvæðunum verði að hafa í huga að störfum skipverja á farskipum verði vart jafnað við störf annarra launþega. Þegar skip er á siglingu sé unnið á sjóvöktum allan sólarhringinn og þegar skip er í höfn sé sjóvöktum slitid, en ferðir skips geti verið með ýmsu móti. Auk þeirra sem ganga reglubundnar sjóvaktir, séu þeir sem nær eingöngu vinna á dagvinnutímabili og almennt eru nefndir dagmenn. Ákvæði a-liðar í gr. 5.5 í kjarasamningnum eigi við þegar sjóvaktir eru staðnar. Ákvæði b-liðar gildi um dagmenn og einnig um háseta þegar skip eru í höfn. Einnig er á það bent af hálfu þessa aðila, að við skýringu á hvíldartímaákvæðunum verði að taka tillit til ýmissa annarra ákvæða í kjarasamningnum. Þannig megi ekki blanda saman hvíldartíma og næturvarðstöðu. Að því er varðar einstaka þætti í kröfugerð stefnanda er því haldið fram, að matar- og kaffitímar teljast ekki til vinnu í skilningi gr. 5.5 þótt viðurkennt sé með skírskotun til c-liðar greinarinnar að tímatalning á unnum tímum slitni ekki þótt matar- og kaffihlé komi inn á milli. Þá er hafnað þeim skilningi stefnanda að þessir skipverjar skuli vera á yfirvinnukaupi þar til 6. klst. samfelldri hvíld sé náð. Í a-lið gr. 5.5 segi skýrum stöfum að miðað sé við að næsta vakt sé greidd á yfirvinnukaupi, ef háseti nær ekki 6 klst. hvíld. Með því að greiða næstu vakt með yfirvinnukaupi rofni skylda vinnuveitanda til áframhaldandi yfirvinnugreiðslu líkt og hjá launþegum í landi. Þá er því mótmælt að öll vinna utan dagvaktar eða sjóvaktar, verði talin til yfirvinnutímabils, einnig sú sem unnin sé á daginn um helgar eða á helgum dögum. Er því haldið fram, að í kjarasamningi aðilanna séu ýmis ákvæði sem taki til þessa atriðis og sé því enginn grundvöllur fyrir kröfugerð þessari. Sýknukrafa þessara aðila er að lokum byggð á því, að hvíldarákvæði hafi fyrst komið í kjarasamning aðila árið 1965 og hafi löng venja skapast um skilning og framkvæmd ákvæðanna í samskiptum aðila. Geti stefnandi ekki nú haft uppi kröfur er gangi þvert á skilning þann sem beitt hafi verið við framkvæmd samningsákvæðanna.

Sýknukrafa stefnda Vinnumálasambands samvinnufélaganna er byggð á því, að við skýringu á ákvæðum hvíldarákvæðanna í gr. 5.5 í kjarasamningi aðila beri að hafa hliðsjón af forsögu ákvæðanna. Fyrirmynd núgildandi hvíldarákvæðis hafi fyrst komið í kjarasamning aðilanna, er undirritaður var 10. ágúst 1965, en það

hafi verið svohljóðandi: „Nú hafa þeir, sem samningar þessir ná til unnið 6 klst. samfelld eða meira, að meðtöldum kaffi- og matartíma í yfirvinnu utan vaktar eða dagvaktar og skal hann þá fá minnst 4 klst. samfellda hvíld, ella greiðist áfram næturvinnukaup, þó komið sé fram á dagvinnutímabil eða vakt hlutaðeigandi aðila.“ Með kjarasamningi aðila, sem undirritaður hafi verið 25. júní 1970 hafi m.a. verið svohljóðandi viðbót við hvíldarákvæðin, sem að öðru leyti hafi staðið óbreytt: „Vinna telst í þessu sambandi samfelld þó skipverji hafi fengið allt að einnar klukkustundar hvíld á framangreindum 6 klst.“ Hvíldarákvæðin hafi svo staðið óhögguð í kjarasamningum aðila, með þeim undantekningum að í kjarasamningi aðila, sem undirritaður var 27. mars 1974 hafi verið samið um lengingu hvíldartímans úr 4 klst. í 5 klst. auk þess sem orðinu „vakt“ hafi verið breytt í „sjóvakt“ og orðinu „næturvinnukaup“ hafi verið breytt í „yfirvinnukaup“. Í kjarasamningi aðila, sem svo hafi verið undirritaður 27. mars 1974 hafi verið samið um lengingu hvíldartímans í 6 klst. Við gerð kjarasamnings 1979, sbr. lög nr. 70/1979, hafi svo verið samið um nógildandi hvíldarákvæði. Þá hafi ákvæði um næturvarðstöðu staðið efnislega óbreytt frá því er kjarasamningur var undirritaður 20. ágúst 1965. Er því haldið fram, að allt frá því er kjarasamningurinn frá 1965 tók gildi hafi skapast venja um túlkun og framkvæmd ákvæðanna, sem aðilar hafi framfylgt síðan. Slík rótgróin venja um túlkun og framkvæmd samningsákvæða hafi svipaða réttarstöðu og kjarasamningurinn sjálfur og verði að virða hana. Sé það ekki á færi stefnanda að hlutast til um breytingar á túlkun og framkvæmd þeirra samningsákvæða sem hér er fjallað um stefnda í óhag. Þá er bent á að a-liður nógildandi hvíldarákvæðis eigi við það vinnufyrirkomulag er sjóvökur eru staðnar og taki þá bæði til sjóvakta og dagvakta. B-liður eigi aftur á móti við þegar sjóvöktum er slitið. Hér sé í raun um tvö ólík vinnuferfi að ræða, sem lúti ólíkum lögmálum og því sé ekki rökrétt að um þau gildi sömu hvíldarákvæði. Þá sé á það að líta að með samkomulagi um breytingu á fyrirkomulagi á greiðslu fyrir styttingu vinnuvikunnar í 48 klst. er aðilar málsins undirrituðu 27. mars 1974 hafi verið samið um að laugardagar skyldu greiddir að hluta með mánaðarkaupi og að hluta með frídögum. Þrátt fyrir þetta fyrirkomulag þurfi hásetar ekki að skila vinnu í höfn, þegar sjóvökum er slitið, nema gegn yfirvinnugreiðslu. Af þessu sé ljóst

að vinna sem hásetar inna af hendi á laugardögum eða sunnudögum í höfn gegn yfirvinnugreiðslu, sé ekki þess eðlis að hægt sé að heimfæra slíka vinnu undir yfirvinnu í skilningi a-liðar gr. 5.5.

Er því haldið fram, að með tilliti til sérstöðu næturvarðstöðunnar og þeirra sérákvæða um greiðslufyrirkomulag fyrir þær, sé óeðlilegt að kljúfa almenna hvíldarákvæðið í sundur og beita því um næturvarðstöðuna, sem um hafi verið gert sérstakt samkomulag.

Þá er því haldið fram að matar- og kaffitími eigi ekki að bætast við unninn yfirvinnutíma, en hann eigi þó ekki að slíta í sundur yfirvinnutímabil.

Álit dómsins:

Aðilar eru sammála um að hvíldarákvæði kjarasamnings þess, er tók gildi 1. ágúst 1965, og tilsvareandi ákvæði í síðari kjarasamningum hafi verið framkvæmd samkvæmt skilningi stefndu.

Ekki verður séð að hvíldarákvæðin í gr. 5.5 í kjarasamningi aðila sem tók gildi 19. júní 1979 breyti þessu.

Að svo vöxnu máli verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina og stefndu því sýknaðir af þeim.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Páll S. Pálsson og Ragnar Ólafsson.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Eimskipafélags Íslands h.f., Hafskips h.f., Jökla h.f. og Nesskips h.f., Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna Sambands íslenskra samvinnufélaga, skipadeild og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins og Landhelgisgæslu Íslands, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Sjómannasambands Íslands.

Málskostnaður fellur niður.